

Breiðagerðisskóli

2025 - 2026



6.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	3
Nestis- og matarmál nemenda	4
Endurvinnsla.....	4
Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru	4
Heimanám	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska	7
Stærðfræði	11
Samfélagsgreinar	14
Náttúrugreinar	17
Enska	20
Upplýsinga og tæknimennt.....	26
Myndmennt	28
Textílmennnt	28
Hönnun og smíði	30
Heimilisfræði.....	31
Tónmennt.....	32
Skólaíþróttir.....	33
Sund.....	35
Stoðþjónusta	37

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 2. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við [Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, Greinasvið 2013](#), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla. Endurskoðun árganganámskráa vegna nýrra greinanámskráa er hafin en mislangt komin sjá nýja aðalnámskrá [hér](#).

Kennarar í árganginum

Birgir Mikaelsson	umsjónarkennari
Sigurbaldur Frímannsson	umsjónarkennari
Svanur Sigurðsson	umsjónarkennari
Casper Vilhelmsen	íþróttir /sund
Viktor Berg Arnarsson	Íþróttir /sund
Guðrún Þóra Elfar	íþróttir
Elínóra Kristinsdóttir	myndmennt
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Linda Björk Pétursdóttir	Enska
Steinunn Svansdóttir	textílmennt
Mínerva Alfreðsdóttir	heimilisfræði
Ásdís Björg Gestsdóttir	tónmennt

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið snýst annars vegar um nám og velferð hvers einstaklings og hins vegar um starf í einstökum árgöngum um nám félags-og tómstundarstarf. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila.

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimilis og skóla. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis- og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennum hluta (2011) kemur fram að skólar skuli stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Við skipulag og matseðlagerð fyrir Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Breiðagerðisskóli kaupir hádegismat af Skólamat. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Starfsfólk Breiðagerðisskóla vill beina þeim tilmælum til foreldra að senda börn sín með hollt nesti í skólann. Mælst er til að ekki séu notaðar einnota drykkjarumbúðir en þess í stað notaðir drykkjarbrúsar undir drykki.

Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu með tölvupósti frá kennurum.

Við viljum minna á að Breiðagerðisskóli er hnetulaus skóli.

Endurvinnsla

Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru hlutverki. Þeir sjá um að fara með lífrænan úrgang í flokkunarstöð og flokka pappír, plast og málma í kennslustofunum. Allir árganga fá fræðslu um nauðsyn þess að flokka úrgang og þar útskýrð jákvæð áhrif flokkunar á umhverfið.

Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er sjálfbærni. Algengasti skilningur á hugtakinu sjálfbærni er að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Umhverfið og náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Nemendur þurfa því að þekkja, skilja og virða náttúruna. Umhverfisvernd er því dæmi um eitt úrlausnarefni sjálfbærrar þróunar og er því mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um flokkun úrgangs og gefa þeim tækifæri til að vera virkir þátttakendur í því.

Heimanám

Nemendur fá heimanám einu sinni í viku sem er afhent á föstudögum og skilað á miðvikudögum. Upplýsingar um heimanám í hverri viku eru sendar í tölvupósti og/eða Mentor. Í lesgreinum gæti þurft að lesa valda kafla í námsbókum og það getur verið breytilegt eftir hópum fyrir hvaða daga það er og því er mikilvægt að fylgjast með heimanáminu inn á Mentor. Einnig er merkt inn á Mentor ef heimanámi er ekki skilað eða því ólokið. Hluti heimanáms er heimalestur, 15 mínútur á dag, 5 daga vikunnar. Heimanám er frekari þjálfun á þeim viðfangsefnum sem eru í gangi í skólanum.

Námsmat

Námsmat í 1.-7. bekk er reglubundinn þáttur í skólastarfinu og er megin tilgangur þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið. Námsmatið er fjölþætt og verður m.a. metin þekking, samvinna, leikni og vinnubrögð ásamt frumkvæði og skapandi hugsun. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og verður m.a. stuðst við kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og mat á einstökum verkefnum. Námsmatsviðtöl eru tvisvar á þessu skólaári, en þá ræða nemendur, foreldrar og kennarar nám nemenda og líðan þeirra í skólanum. Fyrra viðtalið er í október og þá meta nemendur sjálfir í samvinnu við foreldra sína ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu og námi og skólastarfi og verður það ásamt mati

kennara til umræðu á fundinum. Annað viðtalið er í lok janúar en því viðtali stýra nemendur.

Í upphafi annar setja kennarar inn námslotur fyrir hverja námsgrein. Þar koma fram þau hæfniviðmið sem stefnt er að með áætlunum, einnig markmið og leiðir hvernar greinar til að uppfylla þau hæfniviðmið.

Námsmátið byggir á símati sem felur í sér að kennarar setja öðru hvoru eftir því sem við á nýtt mat inn í Mentor. Mátið byggist alltaf að einhverju leyti á sjálfsmati nemenda þannig eru þeir þátttakendur í matinu.

Læsi í víðum skilningi er einn af grunnþáttum menntunar í nýrri Aðalnámskrá. Í 6. bekk eru lögð fyrir lesskilningspróf í október og í apríl. Prófin kanna hversu vel nemendum gengur að skilja meginefni í texta, átta sig á staðreyndum, skilja erfið orð og orðasambönd, lesa milli lína og draga ályktanir. Prófin eru því greinandi og auðvelda kennurum að leiðbeina nemendum við námið, þannig að lesskilningur nemanda haldi áfram að þróast. Einnig eru lögð fyrir lesfímipróf í september, janúar og maí. Prófin mæla hversu vel börnin hafa náð tæknilegum lestri, þ.e. hraði og nákvæmni.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda, þeir sjá einnig um samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra. Kennt er í misstórum hópum.

Mikil áhersla er á sjálfstæðan lestur nemenda. Því er yndislestur a.m.k. þrisvar sinnum í viku. Einnig er sjálfstæður lestur hluti af heimavinnu nemenda.

Nemendur vinna áfram líkt og undanfarin ár með aðferðum gagnvirkis lesturs, gerð hugtakakorta og ritunarverkefna þar sem nemendur skipuleggja vinnu sína með hjálp ritunarramma og sögukorta. Gagnvirkur lestur byggir á að nemendur beini huganum markvisst að efni textans, velti fyrir sér skilningi á efninu í heild og spái fyrir um framhald textans miðað við það sem á undan er komið.

Gagnvirkur lestur er í byrjun félagslegt ferli og er unninn í samvinnu tveggja eða fleiri aðila. Nemendur skiptast á að vera stjórnendur, draga saman aðalatriði textans, spyrja spurninga, velta upp erfiðum orðum og spá fyrir um framhaldið. Þegar nemendur hafa náð tökum á aðferðinni geta þeir beitt henni einir og nýtist aðferðin þeim í öllu námi. Allt námið byggir á mikilli samvinnu nemenda.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið – Íslenska.](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur þjálfist í að endursegja frásagnir og tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, ásamt því að þjálfast í hlustun og rökræðum samkvæmt reglum. Mikilvægt er að geta átt góð samskipti, hlustað og gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Efnisþættir

Lestur á bundnu og óbundnu máli, hlustun, upplestur nemenda og kennara, umræður.

Leiðir að markmiðum

Nemendur taka þátt í umræðum þar sem þeir þjálfast samtalstækni. Nemendur hlusta á sögur, hlusta á og kynna hópverkefni sín frammi fyrir bekkjarfélögum og fá þjálfun í að lesa upphátt ljóð og ýmsa texta bæði frumsamda og úr bókum. Nemendur taka þátt í leikrænni tjáningu á ljóðum og sögum. Sjá Mentor fyrir nánari útlistun á hæfniviðmiðum.

Heimanám

Lestur og valin verkefni.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur auki lestrarhæfni sína og orðaforða og geti lesið sér til ánægju ásamt því að geta greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntalegum hugtökum s.s. tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap. Sjá Mentor fyrir nánari útlistun á hæfniviðmiðum.

Efnisþættir

Bókmenntatextar s.s. skáldsögur, smásögur, fræðitextar, ljóð, dæmisögur, þjóðsögur frá ýmsum löndum og ævintýri.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa bókmenntatexta og svara spurningum einstaklingslega og búa til spurningar úr texta. Þeir vinna saman í hópvinnu að myndrænni og skriflegri útfærslu verkefna sem þeir kynna fyrir samnemendum. Þá lesa nemendur valda bókmenntatexta og vinna með þá eftir aðferðum gagnvirks lesturs. Nemendur hlusta á bókmenntaefni af neti og kennari les fyrir þá. Einnig lesa nemendur daglega í bókum sem þeir velja á bókasafni í samráði við kennara. Nemendur hlusta á upplestur ljóða, lesa upp ljóð, túlka, vinna skrifleg verkefni, gera hugtakakort af uppbyggingu sögu og semja ljóð. Áhersla er lögð á skilning nemenda á þeim texta sem þau lesa.

Námsgögn

Bækur af bókasafni, Orðspor 2, Vefurinn hennar Karlottu, Fólkið í blokkinni, Flökkuskinna/Söguskinna, , Þjóðsögur og ævintýri, dæmisögur, skáldsögur, Ljóðspor, íslensk orðabók og annað gagnlegt.

Heimanám

Heimalestur og verkefnavinna.

Ritun

Meginmarkmið

Meginmarkmið er að nemendur þjálfist í skapandi skrifum, auki við orðaforða sinn og læri að beita einföldu myndmáli í ritun. Einnig er unnið að því að nemendur hafi náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu ásamt því að þekkja hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun. Sjá Mentor fyrir nánari útlistun á hæfniviðmiðum.

Efnisþættir

Skapandi ritun, endursagnir, sögu- og ljóðagerð, tengiskrift, stafastærð, bil milli orða, uppsetning texta, réttiritun.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna að skapandi skrifum s.s. semja sögur og ljóð. Nemendur eru þjálfaðir í að semja eigin texta með hjálp ritunarramma af ýmsum gerðum. Einnig munu þeir vinna markvisst að eigin textagerð með orðum og orðtökum sem tekin eru fyrir reglulega yfir veturinn. Nemendur útbúa hugtakakort af uppbyggingu frásagnar og vinna með texta þar sem þeir þjálfast í að draga út aðalatriði. Í stafsetningu skrifa nemendur upp æfingar rétt eftir réttu og eftir upplestri. Nemendur skrifa í forskriftarbækur og þeim kennt að nota réttar tengingar. Áhersla er lögð á stafastærð, jafna skrift og gott bil á milli orða.

Námsgögn

Orðspor 2, forskriftarbækur, Ritunarbókin og annað gagnlegt.

Heimanám

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni heima.

Málfræði

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur auki þekkingu sína á íslensku málkerfi til að þeir geti nýtt sér það við ritun og orðið að betri málnotendum. Meðal annars að nemendur átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð og fallorð; geti greint

hlutverk og helstu einkenni þeirra. Sjá Mentor fyrir nánari útlistun á hæfniviðmiðum.

Efnispættir

Nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, fornöfn og helstu einkenni þeirra, sambeyging algengra nafnorða og lýsingarorða í eintölu og fleirtölu, stigbreyting og kynbeyging lýsingarorða, nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna, samnöfn og sérnöfn, fallbeyging, orðtök og málshættir og stofn orða.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna einstaklingslega eða í litlum hópum að málfræðiverkefnum sem taka á ofangreindum efnispáttum. Stuðst er við aðferðir Orð af orði.

Nemendur vinna ýmis verkefni sem þjálfar þá í réttri meðferð málsins s.s. vinna með orðflokkana í textum og gera hugtakakort. Orðabækur eru notaðar til að skoða merkingu og helstu einkenni ýmissa orða.

Námsgögn

Málrækt 2, Orðspor 2, ýmis verkefni og Réttritunarorðabók.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið-Stærðfræði](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Meginmarkmið

Að nemandi:

- temji sér að spyrja spurninga um verkefnin til að öðlast betri skilning
- geti tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir í töluðu máli og rituðu
- geti leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem byggja á fyrri reynslu og þekkingu

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- fáist við stærðfræðileg hugtök og læri að nota táknmál stærðfræðinnar
- geti notað vasareikni og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- geti sett sig inn í og tjáð sig bæði munnlega og skriflega um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti unnið einn og í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna
- geti undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði

Tölur og reikningur

Meginmarkmið

Að nemandi:

- nái tökum á: samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu og átti sig á andhverfum aðgerðum
- kunni skil á deilingu með afgangi
- kynnist neikvæðum tölum
- geti lagt saman og dregið frá með neikvæðum tölum
- geti nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu
- nái tökum á lestri og skráningu tugabrota, almennra brota, prósentu og hlutfalla
- geti raðað almennum, tugabrotum og prósentum eftir stærð og samhengi
- geti breytt einföldum almennum brotum í tugabrot og prósentur
- geti lagt saman og dregið frá einföld brot

Algebra

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt.
- geti lýst mynstrum á táknmáli algebrunnar.
- geti notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum

Rúmfræði og mælingar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar
- þekki ummál, flatarmál, hornamælingar, þvermál og geisla hrings

- Geti rannsakað og greint tví- og þrívíð form og teiknað einfaldar flatarmyndir
- öðlist þjálfun með gráðuboga og hringfara
- geti breytt á milli mælieininga

Tölfræði og líkindi

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir
- geti sótt gögn úr gagnabanka og geti lesið upplýsingar úr töflum
- þekki meðaltal, miðgildi og líkur

Efnisþættir

Reikniaðgerðirnar fjórar: samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Gráður og horn. Almenn brot, tugabrot og prósentur. Tölfræði, líkur, meðaltal og miðgildi. Tvívíð form og þrívídd. Mynstur og algebra. Neikvæðar tölur, þrautir og orðadæmi.

Leiðir að markmiðum

Stefnt verður að því að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Hluti kennslunnar fer fram sameiginlega í bekknum með innlögn og samantekt. Nemendur fá síðan góðan tíma til úrvinnslu, einir eða með öðrum. Hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum og eru þá umræður afar mikilvægar. Einnig eru leikir og spil gagnleg kennsluaðferð og verður nýtt að einhverju leiti. Hver nemandi fær dæmaáætlun og vinnur á sínum hraða en þó er ákveðið lágmark dæma á viku sem verður að ljúka.

Í tengslum við þróunarverkefnið Orð af orði, verður unnið með stærðfræðihugtök. Hugtökin sem tekin verða fyrir tengjast því efni sem verið er að vinna með hverju sinni.

Námsgögn

Geisli 2A og Geisli 2B og Stika 2a og Stika 2b, ásamt ítarefni.

Samfélagsgreinar

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Samfélagsgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Landafræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki þau lönd sem teljast til Norðurlanda, landshætti, náttúru, menningu, siði og venjum.
- efli skilning sinn á landfræðilegum hugtökum og þjálfist í lestri korta og grafa.
- þjálfist í að afla sér þekkingar og upplýsinga á sjálfstæðan hátt.

Efnispættir

Norðurlöndin, höfuðborgir, ár, vötn, höf, fjöll, náttúra, veðurfar, auðlindir, atvinnuvegir, framleiðslugreinar, búseta og lifnaðarhættir fólks á Norðurlöndum. Einnig fáanar Norðurlandanna, landshættir, menning og siðir.

Leiðir að markmiðum

Kennslan byggist á umræðum, verkefnavinnu, einstaklings- og hópvinnu.

Áhersla er lögð á undirstöðuhugtök þar sem nemendur vinna m.a. með hugtakakort. Við upplýsingaöflun nýta nemendur sér einnig aðferðir gagnvirks lesturs. Áhersla verður lögð á fjölbreytta útfærslu verkefna, meðal annars unnin í spjaldtölvum og tölvum og lagt er upp með að nemendur kynni þekkingu sína fyrir hvort öðru.

Námsgögn

Norðurlönd, Við Norðurlandbúar, myndefni, kortabækur, veraldarvefurinn og ýmsar handbækur um landafræði.

Saga

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu á lifnaðarháttum, menningu, trú, viðburðum og afkomu fólks í á tímabilinu 930-1262.
- kynnist lífshlaupi Snorra Sturlusonar.
- öðlist leikni í að leita að heimildum og vinna með þær.
- fái áhuga á sögu og menningu þjóðarinnar.
- læri orð og hugtök sem tengjast sögu og samfélagi og geti notað þau í ræðu og riti.
- kynnist helstu merkisatburðum á þessu tímabili.
- fái skilning á sögu landsins og skilji að sú þekking hefur gildi fyrir líf okkar í dag.
- skoði fjölskyldugerðir og lífshætti fyrr á tímum og beri saman við nútímann.

Efnisþættir

Fjallað verður um stjórnsmál þessa tímabils. Stofnun Alþingis, kristintökuna, lífshlaup Snorra Sturlusonar rakið, farið í átök Sturlungaaldar, menntun, trúarbrögð og lífskjör fólks á þessum tíma. Siglingar og landafundir norrænna manna skoðaðir. Einnig verður saga annarra þjóða á sama tímabili fléttuð inn í og tengd við þá íslensku.

Leiðir að markmiðum

Kennslan byggist á umræðum, verkefnavinnu, einstaklings- og hópvinnu. Áhersla er lögð á undirstöðuhugtök þar sem nemendur vinna m.a. hugtakakort. Við upplýsingaöflun nýta nemendur sér einnig aðferðir gagnvirks lesturs. Áhersla verður lögð á fjölbreytta útfærslu verkefna og kynna nemendur síðan þau verkefni fyrir hvort öðru.

Námsgögn

Snorra saga, Merkir sögustaðir, ýmsar handbækur, Söguatlas, veraldarvefurinn, Sögueyjan, 1, Frá Róm til Þingvalla o.fl.

Lífsleikni

Meginmarkmið

Meginmarkmið er að búa nemendum aðstæður til að læra félags- og tilfinningalega hæfni sem nauðsynleg er til að lifa heilbrigðu og góðu lífi ásamt því að fagna fjölbreytileika og stuðla að virðingu fyrir öðrum.

- Að virkja nemendur, fjölskyldur þeirra, skólann og samfélagið til að skapa námsumhverfi sem byggist á umhyggju fyrir öðrum, miklum væntingum og virkri þátttöku.
- Styrkja tengsl barna við fjölskyldu sína, jafnaldra, skólann og samfélagið.
- Fjallað um lýðheilsuáhrif eins og matarræði, hreyfingu og svefn og áhrif þessara þátta á andlega líðan.
- Nemendur læri um eineltishringinn. Nemendur treysti sér til þess að styðja þann sem kann að verða fyrir einelti.

Efnisþættir

- Að byggja upp skólasamfélag; lögð áhersla á að hjálpa nemendum að sjá sjálfa sig sem mikilvæga og mikils metna einstaklinga í árganginum sínum og skólanum.
- Að vinna saman; nemendur læra að þjálfa færni sem hjálpar þeim að vinna saman.
- Að einelti er dauðans alvara og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Leiðir að markmiðum

Bein kennsla, umræður, ýmsir leikir, hópvinna, einstaklingsvinna, hlutverkaleikir, myndbönd, eineltishringur

Námsgögn

Ég og sjálfsmyndin eftir Garðar Gíslason, námsbók í lífsleikni.

Eineltishringurinn

Náttúrugreinar

Markmið í náttúrugreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Náttúrugreinar](#)

Alheimurinn, jörðin og hafið er meginþema náttúrugreina í 6. bekk. Nemendur læra m.a. um sólina, reikistjörnur, lofthjúp, ósonlag, gróðurhúsaáhrif, hringrás vatns, jarðsöguna og landmótun. Nemendur kynna sér lífríkið á sjó, plöntur og spendýr. Einnig fræðast þau um fæðukeðjuna, ljóstillífun, gróðurhúsaáhrif og hringrás vatns.

Svo verður jafnframt lögð áhersla á að skoða hvaða áhrif maðurinn hefur á umhverfið sitt og hvort það sé eitthvað sem hægt er að hafa áhrif á. Inn í þetta fléttast þættir eins og sjálfbærni í hugsun og verki ásamt umhverfisvernd.

Einnig er farið í mannslíkamann, beinagrind, vöðva, húð, blóðrás og öndunarfæri.

Meginmarkmið:

Að nemandi;

- geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum umhverfisins á lífsgæði okkar og áhrifum okkar á umhverfið.
- geti tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra
- geti rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Meginmarkmið

Að nemandi;

- fjalli um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks

Vinnubrögð og færni

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inn
- geti sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt

Ábyrgð á umhverfinu

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa
- geti tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru

Að búa á jörðinni

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum
- geti útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og

jarðvegur breytist

Lífsskilyrði manna

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun
- geti lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu

Náttúra Íslands

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland
- geti útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð
- geti lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi

Heilbrigði umhverfisins

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
- geti lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Meginmarkmið

Að nemandi;

- geti lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar

Úr efna-og jarðvísindum

Nemendur læra um sólina, reikistjörnur, lofthjúp, ósonlag, gróðurhúsaáhrif, hringrás vatns, jarðsöguna og landmótun.

Úr lífvísindum

Nemendur læra og kynna sér lífríkið á landi og sjó, plöntur og spendýr. Einnig fræðast þau um fæðukeðjuna, ljóstillífun, gróðurhúsaáhrif og hringrás vatns.

Leiðir að markmiðum

Vinnan fer fram bæði í einstaklings- og hópvinnu en stefnt verður að því að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar t.d. með umræðum í tímum, ýmiskonar verkefnavinnu, tilraunum og útikennslu. Áhersla verður líka lögð á undirstöðuhugtök þar sem nemendur vinna með hugtakakort, en við upplýsingaöflun nýta nemendur sér einnig aðferðir gagnvirks lesturs. Einnig verður farið í vettvangsferðir.

Námsgögn

Náttúrulega 1 og Náttúrulega 2 og aukaefni er Auðvitað - Jörð í alheimi , Lífríkið í sjó og vatni, Hreint haf, vefsíðan Fjaran og hafið, ítarefni frá kennara, myndbönd og annað efni af netinu.

Heimanám

Valin verkefni eru unnin í heimanámi og einnig ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum.

Enska

Markmið í ensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Erlend tungumál](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur. (Sjá nánar í lotum inn á Mentor).

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti öðlast skilning á einföldu máli og nýti sér það í æfingum og samræðu
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða sem þeir hafa lesið
- geti endursagt frásagnir og þjálfist í hlustun

Efnispættir

Nemendur hlusta á fjölbreytta texta, ljóð og lög á ensku af hljóðdiskum og horfa á enskar myndir. Upplestur nemenda og kennara og umræður.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski og vinna verkefni samhliða lestri.

Nemendur lesa fyrir kennara einfalda og stutta texta.

Mikið er lagt upp úr umræðum samhliða hlustun og söng, og fjölbreyttir textar lesnir upphátt. Áhersla verður lögð á hlustun og talað mál. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum verkefnum. Unnið er með þann orðaforða sem þeir hafa lesið. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar munnlega og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Nemendur þjálfast í að svara upphátt í heilum setningum. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur æfi sig sem mest áfram með að tala enskuna í tímum. Það auðveldar þeim að ná betri tökum á málinu og gerir þá öruggari. Meiri áhersla verður lögð á að útskýra fyrir nemendum það sem á að gera á ensku og fá þá til að biðja um aðstoð á ensku. Nemendur taka þátt í umræðum til að ná færni í að tala hvern við annan. Þeir taka virkan þátt í umræðum. Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski og vinna ýmis verkefni tengd því.

Námsgögn

Grunnbók: Lestrar-og vinnubókin

„Yes we can 6“. Einnig vinna nemendur í öðrum þemabókum, vinnubókum, ítarefni, hljóðspólur með sögum og söngvum og myndbönd á ensku. Rafrænt efni fylgir vinnubókunum „Yes we can 6“ og hægt að þjálfar nemendur í gagnvirkum æfingum. Hér er hlekkur inn á vefinn: <https://mms.is/namsefni/yes-we-can-vefur> Farið er inn á Yes we can og ýtt á opna vöru. Þá er beðið um notendanafn og lykilorð. Notendanafn: nemandi og lykilorð: nemandi. Sama notendanafn og lykilorð. Síðan er „Yes we can 6“ velja kafla og þar er að finna drill æfingar (appelsínugulir flipar).

Ýmis verkefni frá kennara. Kennsluforrit og efni á vef.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Nemendur vinna í vinnubækur valin verkefni. Þeir vinna einnig ýmiss verkefni. Nemendur fá eina viku til að skila þeim til kennara.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið stuttar sögur og frásagnir til að finna ákveðnar upplýsingar (leitarlestur)
- geti lesið auðveldar, fjölbreytta texta á ensku
- geti fundið upplýsingar í textum, bókum og á netinu

Efnisþættir

Fjölbreyttir textar, ljóð og söngvar. Þýða texta yfir á íslensku og yfir á ensku.

Nemendur vinna ýmis verkefni í tengslum við léttlestrarbækur.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna ýmis konar verkefni í tengslum við þá. Þeir þýða texta yfir á íslensku og ensku. Þá lesa nemendur valda texta og vinna

með þá eftir aðferðum gagnvirks lesturs þegar nemendur eru búnir að öðlast meiri orðaforða og eru orðnir öruggari.

Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum verkefnum.

Nemendur vinna mikið með orðaforða úr textanum sem þeir hafa lesið.

Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar munnlega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum.

Nemendur þjálfast í að svara í heilum setningum. Nemendur lesa texta og svara spurningum einstaklingslega og semja spurningar úr texta. Áhersla er lögð á skilning nemenda á þeim texta sem þeir lesa. Nemendur lesa ólesinn texta með það í huga að finna ákveðnar upplýsingar og draga ályktanir af því sem þeir hafa lesið.

Námsgögn

Grunnbók: Yes we can 6 lestrar-og vinnubók, þemabækur þar sem farið er ítarlegar yfir ýmis lesskilningsverkefni, vinnubækur, ítarefni og hljóðsnældur.

Ýmis verkefni frá kennara. Kennsluforrit og efni á vef.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Nemendur vinna í vinnubækur valin verkefni. Þeir vinna einnig ýmis önnur verkefni. Nemendur fá eina viku til að skila þeim til kennara.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í að skrifa þann orðaforða sem er verð að vinna með
- Þjálfist að nota hugtakakort til að nýta sér ákveðinn orðaforða
- geti skrifað stuttar, einfaldar sögur

Efnisþættir

Skapandi ritun, endursagnir, ritunarverkefni. Nemendur skrifa stutta texta eftir upplestri. Þeir vinna með orðaforða með því að útbúa orðasafn og hugtakakort.

Þýða texta af ensku yfir á íslensku. Lestur léttlestrabóka og unnið með verkefni tengd þeim. Nemendur skrifa stuttar sögur og frásagnir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur skrifa margvísleg ritunarverkefni, orðalista og tölur og. Ýmis verkefni eru unnin í verkefnabók og á vinnublöð. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda. Nemendur vinna mikið með orð, og að útbúa flóknari hugtakakort á ensku. Unnið er með þann orðaforða sem þeir hafa öðlast. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum. Þeir birta niðurstöður sínar skriflega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Nemendur glósa eftir kennara. Nemendur þjálfast í að svara í heilum setningum. Nemendur vinna að skapandi skrifum og semja stuttar sögur. Í stafsetningu skrifa nemendur æfingar rétt eftir réttu og eftir upplestri af hljóðdiski. Nemendur svara beinum spurningum úr texta. Mikil áhersla er lögð á að þjálfar nemendur að leita í enskum orðabókum og í orðabönkum af neti. Nemendur eru þjálfaðir í að nota ritunarramma til að semja ritunarsögur sínar.

Námsgögn

Grunnbók „Yes we can 6“ þemabækur, ýmsar vinnubækur, ítarefni og hljóðdiska. Ýmis verkefni frá kennara. Kennsluforrit og efni á vef.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Nemendur vinna í vinnubækur valin verkefni. Þeir semja einstaka sinnum ritunarsögur. Þeir vinna einnig ýmiss ritunarverkefni. Nemendur fá eina viku til að skila þeim til kennara.

Málfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist að nýta sér orðabækur

- þjálfist í að vinna með algeng málfræðihugtök s.s. óákveðinn greini, fleirtölu og orðflokka
- þjálfist í að vinna með orðaforða með því að útbúa orðasafn (t.d. nafnorð og lýsingarorð)

Efnisþættir

Munurinn á Have – has. Munurinn á Do – does. Fleirtöluendingarnar -s, -es, -ies
 Spurnarfornöfnin: What, who, when, where, why, how. Óákveðinn greinir, a – an. Ákveðinn greinir, the. Muninn á This – that. Lýsingarháttur nútíðar –ing ending. Þátíð, endingarnar –ed og –e. Stigbreyting lýsingarorða, endingarnar –er og –est. Óreglulegar sagnir. Sagnorð notuð í nútíð t.d. play – plays

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna málfræðiafingar í vinnubók. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum verkefnum. Nemendur vinna mikið með orðaforðavinnu og að útbúa hugtakakort út frá ákveðnum hugtökum í enskri málfræði. Unnið er með þann orðaforða sem þeir hafa öðlast. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum að málfræðiverkefnum. Stuðst er við aðferðir Orðs af orði. Orðabækur eru notaðar til að skoða merkingu orða. Nemendur birta niðurstöður sínar skriflega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Nemendur glósa eftir kennara. Einnig eru ýmis ítarefni unnin í stílabók og á ljósrituðum blöðum frá kennara. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum verkefnum.

Námsgögn

Grunnbók: Yes we can 6, þemabækur, ýmsar vinnubækur og ítarefni.

Ýmis verkefni frá kennara. Kennsluforrit og efni á vef.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum.

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Upplýsinga- og tæknimennt](#)

Neðan greind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Vinnulag og vinnubrögð

Meginmarkmið

Að nemandi

- geti nýtt sér upplýsingaver bæði í námi og á eigin forsendum
- geti nýtt sér rafrænt námsefni á mismunandi formi
- geti sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- geti beitt réttri fingrasetningu

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Meginmarkmið

Að nemandi

- geti nýtt sér fjölbreyttar leiðir til að afla sér upplýsinga
- geti nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- þjálfist í því að vera gagnrýninn á upplýsingar sem finna má á netinu
- geti unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá
- nýtt forrit við einfalda framsetningu á gögnum
- nýtt hugbúnað og forrit við vefsíðar
- þjálfist í að útskýra fyrir öðrum myndrænt og í tali

Tækni og búnaður

Meginmarkmið

Að nemandi

- getur nýtt forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu gagna
- getur nýtt forrit við myndvinnslu
- geti nýtt sér að tala og teikna inn á glærur

Sköpun og miðlun

Meginmarkmið

Að nemandi

- geti nýtt forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt

Siðferði og öryggismál

Meginmarkmið

Að nemandi

- geti sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildaöflun
- farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eignum samskiptum og gögnum á neti og netmiðlum.

Efnisþættir

Kennsluforrit, ritvinnsla og fingrasetning, PowerPoint, Google classroom kennsluumhverfið, ýmsir kennsluvefir og leitarvélar.

Leiðir að markmiðum

Nemendur búa til kennslumyndband í stærðfræði ætlað yngri nemendum.

Nemendur eiga að tala inn á glærurnar og hafa útskýringarmyndir með. Aðstoð er veitt hverjum og einum eftir þörfum.

Nemendur búa til kynningu á Íslandi sem þeir setja upp á sameiginlega vefsíðu.

Námsgögn

Ýmis verkefni, kennsluforrit, kennsluvefir og hugbúnaður tölvunnar.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið](#)
[– Listgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- nýti námsgleði, skapandi hugsun og gott verklag, í samræmi við aldur og þroska
- sýni góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- fái tækifæri til að skapa og reyna sig í ýmsum miðlum
- Læri hugtök og fái innsýn í listasögu
- Þekki og geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun
- Þekki og geti útskýrt vinnuferli frá hugmynd til afurðar

Efnisþættir

Litafræði, formfræði, myndbygging og listasaga. Teiknun, málun, og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum.

Leiðir að markmiðum

Innlögn, kveikja sem unnið er út frá. Skissuvinna, þróun hugmynda.

Samtal, skoðanaskipti og frásögn.

Textílmennnt

Markmið í textílmennnt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið](#)
[– Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki sjálfstæði í notkun eigin hugmynda og í vinnubrögðum
- þjálfist í notkun á helstu hugtökum og heitum tengdum greininni
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- læri góða umgengni um stofu og að nýta og fara vel með efni og áöld

Efnisþættir.

Nemendur vinna með ýmiss útsaumsspor

Nemendur hanna eigið pennaveski með áherslu á ýmsum útsaumi.

Nemendur auka færni sína á saumavél.

Nemendur búa til fjölnota poka sem þeir hanna og sauma saman.

Leiðir að markmiðum:

Hópinnlögn og sýnikennsla. Kynntar þær hugmyndir og vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Nemendur skissa upp fyrirhugað verk þegar hægt er að koma því við.

Lögð rík áhersla á að nemendur sýni hugmyndaauðgi við hönnun á verkum sínum.

Eftir það er einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, þess er gætt að verkefni séu við hæfi hvers og eins.

Nemendum kennd rétt beiting og umgengni við vélar og verkfæri.

Áhersla er lögð á að nemandi vandi vinnubrögð og sé sjálfstæður í vinnubrögðum og þjálfist í sjálfsmati á vinnu sinni.

Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, og um efni og áhöld og að nemendur taki sameiginlegan þátt í að ganga frá í stofu í lok hvers tíma þrátt fyrir að 2 umsjónarmenn veljist í hverjum tíma til endanlegs frágangs.

Námsgögn.

Verkfæri og áhöld greinarinnar, textílefni, útsaumsgarn, tölur, prjónar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Heimanám.

Nemendur geta tekið vinnu með sér heim með leyfi kennara þegar hægt er að koma því við.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um stofu, efni og áhöld
- læri góða umgengni um skólann, umhverfið og náttúruna
- læri helstu hugtök og heiti greinarinnar sem eru til áherslu hverju sinni
- læri að vinna með glerverkfæri
- læri að flísaleggja og fúga
- læri að hengja upp veggmynd

- læri að vinna eftir hönnunarferli

Efnisþættir

Áhersla lögð á glervinnu, vinnu eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.

Nemendur gera mósaíkmynd og spil eða leðurveski.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins tilgreindur. Nemendum er kennd rétt beiting verkfæra og umgengni við vélar. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur meta eigin frammistöðu og annarra í ákveðnum verkþáttum. Í öllum árgöngum er unnið með endurvinnslu efnis. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð ásamt samvinnu og kurteisi í samskiptum. Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, um efni og áhöld og að nemendur gangi sameiginlega frá í stofu í lok hvers tíma.

Námsgögn

Ferilmappa nemenda, verkfæri smíðastofunnar, skriflegar leiðbeiningar og ýmiskonar efni.

Heimanám

Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar.

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur hafa árf á heilsuna
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum
- geti lagt gagnrýnið mat á eigin frágang í eldhúsi
- fái þjálfun í samskiptum og að virða ólík sjónarmið

Efnisþættir

Næringarefnin, orkueiningar, næringartöflur, áhaldanotkun, vinnutækni, notkun uppskrifta, hreinlæti, gagnrýni á eigin frammistöðu, jákvæð viðhorf til ólíkra sjónarmiða, umhverfisverndar og samskipta.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og áhöld sem notuð verða við gerð verkefnis. Innlögn er ýmist í formi sýnikennslu eða verkefni útskýrð myndrænt. Nemendur vinna ýmist saman í litlum hópum eða einstaklingslega.

Verkefnin eru bæði skrifleg og verkleg. Lögð er áhersla á hollt fæði, bæði í skóla og heima. Búna er til léttar máltíðir og brauð bakað. Nemendur framreiða matinn, leggja á borð og ganga frá eftir matinn. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Lögð er áhersla á orð og hugtök sem tilheyra námsefninu.

Námsgögn

Gott og gagnlegt 2, einnig verkefni af veraldarvef, bækur og tímarit sem fjalla um mat og matarmenningu. Hráefni samkvæmt verkefnavali.

Tónmennt

Hæfniviðmið fyrir tónmennt í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast í þrjá meginflokka sem eru: Söngur og hljóðfæraleikur, hlustun og greining, og sköpun og skráning. Hæfniviðmiðin má finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – Verkgreinar](#)

Í 6. bekk er unnið með íslenska tónlistarsögu og tónskáld.

Meginmarkmið 6. bekkjar skólaárið 2025-2026 eru:

Að nemendur

- syngi og spili fjölbreytt lög
- skapi einfaldar útsetningar eða frumstef í hópum
- spili í hópum einfaldar útsetningar á ýmsum lögum
- syngi raddaðar laglínur svo sem í keðjusöng og fimmundasöng
- virði umgengisreglur við hljóðfæri kennslustofunnar
- þekki að minnsta kosti þrjú íslensk tónskáld
- geti greint helstu stílbrigði geti rætt um eigin tónlist og samnemenda út frá smekk og upplifun með kurteisum og uppbyggjandi hætti

Efnisþættir

Söngur, markviss hlustun, rytmi (kroppaklapp og takthljóðfæri), þrástef, laglínur og hljómar á laglínuhljóðfæri, hreyfing og leikir.

Leiðir að markmiðum

Söngur, hljóðfæravinna, tónlistarleikir, umræður, hlustun

Námsgögn

Safn íslenskra þjóðlaga, ýmsar útsetningar og verkefni frá kennara

Heimanám

Einstaka sinnum getur verið að nemendur séu beðnir um að æfa söngtexta heima.

Skólaíþróttir

Markmið í skólaíþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla –](#)

[Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínreyfingar
- öðlist betra þrek og þol
- öðlist færni í samvinnu og leik

Efnispættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþrótta er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþrótta- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþrótta er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunaprof.

Á miðstigi er lögð áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemanda. Með tilliti til þroska taugakerfis þessa aldurshóps eru nemendur mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi og námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill á þessum aldri. Því er einnig lögð áhersla á færnimiðuð markmið af ýmsum toga. Hér er m.a. um að ræða undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi. Stefnt er að

Því að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun eru meginmarkmið kennslunnar. Nauðsynlegt er á þessum aldri að huga að sérstöðu kynjanna, áhugasviði þeirra og hæfileikum. Þó svo að leikræn nálgun undirstöðuatriða ýmissa íþrótta, styrkjandi og mótandi æfingar ásamt leiknum sé rauður þráður í kennslunni skal huga vel að verkefnum sem efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Einnig skal á markvissan hátt efla þekkingu nemenda á íþróttum og heilsurækt samhliða verklegri útfærslu. Markmið í efnisflokkum þessa áfanga byggjast m.a. á ofangreindum atriðum.

Kennsluefni

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór, skólalóð og Íþróttasalur.

Sund

Markmið í sundi er að finna í

[Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- fái jákvæða upplifun við sundnámið
- geti synt 200 m bringusund, viðstöðulaust.
- geti synt 50 m skólabaksund
- geti synt 25 m skriðsund
- geti synt 25 m baksund
- geti synt 15 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök).
- geti synt 10 m flugsund með eða án hjálpartækja
- geti synt 8 m kafsund

- geti stungið sér af bakka
- geti kafað eftir hlut, eftir fimm metra sund
- þekki helstu öryggisatriði og samskiptareglur sundstaða
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra og mismunandi getu félaga sinna

Efnispættir

Bringusund, skriðsund, baksund, kafsund, stunga, björgunarsund.

Leiðir að markmiðum

Í gegnum leik og keppni upplifa nemendur jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni. Æfingar og leikir í vatni auka vellíðan og styrkja samskipti. Hópkennsla er aðalformið, en einnig er leikjaformið mikið notað. Notuð verður stöðvabjálfun til að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur læri að meta hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum.

Námsgögn

Sundflá, boltar og alls konar dýr og hlutir er mikið notað.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Breiðagerðisskóla er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Hún getur falist í ráðgjöf til kennara varðandi nám og kennslu og/eða annað sem snýr að nemendum. Yfirleitt snúa verkefnin þó að nemendum og varða kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og/eða mat á stöðu þeirra.

Skólinn reynir að mæta öllum nemendum og veita þeim nám við hæfi. Stoðþjónustan er ein af leiðum skólans til koma til móts við þarfir nemenda sem af einhverjum ástæðum þurfa sérstakan stuðning í námi, í langan eða skemmri tíma. Stoðþjónustan getur falist í að gera breytingar á námsmarkmiðum, námsumhverfi, kennsluaðferðum og námsmati miðað við það sem almennt gerist og stundum er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskrár.

Einstaklingsnámskrá er einstaklingsmiðuð kennsluáætlun þar sem fram kemur staða nemenda í námi, ákveðin markmið sem nemandi er ætlað að ná á skólaárinu og aðferðir sem notaðar eru til að meta hvort nemandinn hafi náð settum markmiðum. Nemendur geta verið með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri námsgreinum.

Stoðþjónustan nær yfir sérkennslu og stuðning, námsráðgjöf og aðra sérfræðiaðstoð. Innan hennar starfa eftirtaldir aðilar:

- **Sérkennarar** eða kennarar sem sjá um sérkennslu ýmist í hópum eða einstaklingsbundið, inn í bekk eða í sérkennslustofu. Þeir aðstoða kennara við aðlögun námsefnis og námsmats þegar þörf er á og í samvinnu við kennara og þroskaþjálfar vinna þeir einstaklingsnámskrár og áætlanir fyrir nemendur.
- **Þroskaþjálfar** vinna yfirleitt með ákveðnum nemendum en styðja einnig við ákveðna nemendahópa til dæmis hvað varðar félagsfærni. Þeir vinna náið með kennurum og sérkennurum við gerð einstaklingsnámskrár og áætlana fyrir nemendur.

- **Stuðningsfulltrúar** vinna undir leiðsögn deildarstjóra, kennara og þroskaþjálfra við að styðja nemendur námslega og félagslega. Þeir vinna mest inn í bekk og bæði með einstaklingum og hópum.
- **Nemendaráðgjafi** stendur vörð um velferð allra nemenda, styður þá og liðsinnir í málum sem snerta nám, skólavist og líðan nemenda. Hann heldur einnig utan um eineltisáætlun skólans.

Að auki á Breiðagerðisskóli, eftir því sem þurfa þykir, samstarf við ýmsa sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málefnum nemenda. Stoðþjónustan á til að mynda náíð samstarf við Norðurmiðstöð þar sem starfa til dæmis talmeinafræðingar, sálfræðingar og fleiri aðilar.

Að síðustu má nefna það innan Breiðagerðisskóla starfar nemendaverndarráð sem fundar að öllu jafna aðra hvora viku. Þar sitja skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslunnar.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Ragna L. Jakobsdóttir

Nemendaráðgjafi er Guðlaug Sigurðardóttir